Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Árnessýslu* **um gæzlu á Ölfusár-brúnni.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra sýslumaður við- 62 14. júní
víkjandi eptirliti því með Ölfusárbrúnni, sem fyrirskipað er í lögum nr. 32, 24. nóv. f. á., vil jeg hjer með fallast á, að gæzlunni verði hagað þannig:

1. Að gæzlumaður sje stöðugt við brúna til eptirlits á þeim tímum árs, þegar umferð er mest, en það er frá 10. maí til loka júlímánaðar og aptur frá 6. september til loka októbermánaðar.

2. Að brúarinnar verði gætt á sama hátt allar nætur frá miðjum júní til miðs júlímánaðar.

3. Að gæzlumaður hafi sjerstakt eptirlit með brúnni alla frostdaga, þegar umferðarvon er.

4. Að gæzlumaður hafi lauslegt eptirlit með brúnni alla aðra tíma árs; og skal jeg þjónustusamlega leggja fyrir yður, að semja samkvæmt þessu reglugjörð fyrir brúarvörðinn.

Samþykkt 63 27. júní

um breyting á samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu, dags. 20. maí 1893.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefur samkvæmt lögum nr. 28, 14. desbr. 1877 og lögum nr. 24, 4. desbr. 1886 gjört og hjeraðsfundur þar fallizt á eptirritaða

Samþykkt

um breyting á samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu, 20. maí 1893.

1. gr.

Frá 1. maí til 15. septbr. ár hvert, að báðum þessum dögum meðtöldum, skal slægja fisk allan, er aflast, á sjó og bera niður allt slor á miðum kring um eyjarnar, og má þá ekkert slor flytja í land. Skera skal niður háf allan, sem aflast, hvenær sem er á árinu, og má ekkert af honum hirða nje flytja í land, nema lifrina.

2. gr.

Með samþykkt þessari eru felldar úr gildi 1. og 2. gr. í samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu, 20. maí 1893.

* * *

Samþykkt þessi staðfestist hjer með af undirskrifuðum amtmanni, og skal hún öðlast gildi 1. dag septembermán. 1894.

Þetta kunngjörist hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 27. júní 1894.

Kristján Jónsson
settur.

13. dag ágústmán. 1894.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1894.